




Allt hófst með Miklahvelli... en hvað svo?



Hefurðu einhvern tímann ímyndað þér að þú gætir ferðast aftur til upphafs tímans eða séð alheiminn í heild sinni? Þú getur gert þetta allt saman með því einu að skoða þessa mynd! Geimsjónauki sem kallast Planck hefur verið að rannsaka elsta ljós heimsins sem varð til skömmu eftir upphaf alheimsins! Athugasemdir sjónaukans hafa nú verið settar saman í þetta kort en það sýnir alheiminn í barnæsku. Bláu og rauðu flekkirnir eru ævaforin „fræ“ sem urðu að þeim stjörnum og vetrarbrautum sem við sjáum í kringum okkur í dag!

Sönnunargögn segja stjörnufræðingum að alheimurinn hafi orðið til í Miklahvelli fyrir um 13.7 milljörðum ára. Þá var alheimurinn fyrst þjappaður saman í kúlu, mörg þúsund sinnum minni en nálarauga. Skyndilega þandist kúlan út og alheimurinn varð til. Daufa ljósið sem Planck sjónaukinn safnaði kallast örbylgjukliðurinn. Hann fyllir allan alheiminn og umlykur Jörðina í allar áttir. Sumir kalla kliðinn „bergmál Miklahvells“ vegna þess að þetta var fyrsta ljósið sem varð til í alheiminum eftir upphaf hans.

Stjörnufræðingar segja að flekkótta mynstrið á kortinu sé bein sönnun fyrir Miklahvelliskenningunni, nema hvellurinn varð fyrir 13.8 milljörðum ára. Alheimurinn er sem sagt næstum 100 milljón árum eldri en við höldum! Fyrir utan þessa merkilegu uppgötvun eru mörg önnur forvitnileg leyndarmál á kortinu: Hvers vegna eru til dæmis fleiri heitir, rauðir flekkir á neðri helmingi kortsins? Hvað olli stóru köldu blettunum í miðjunni? Kannski munt þú, dag einn, leysa þessar ráðgátur!

COOL FACT

Örbylgjukliðurinn var glóandi heitur í upphafi en undanfarin 13 milljarða ára hefur hann kólnað mjög. Í dag er hann aðeins 2,7 gráður yfir alkuli – lægsta mögulega hitastigi (-273°C).

